



**403. fundur Þingvallanefndar  
5. nóvember 2013**

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis þann 5. nóvember 2013. Fundarmenn voru alþingismennirnir Sigrún Magnúsdóttir formaður, Svandís Svavarsdóttir, Oddný G. Harðardóttir, Róbert Marshall og Haraldur Einarsson.

Fundinn sátu einnig Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Lilja Jónasdóttir lögmaður og Práinn Hauksson landslagsarkitekt mættu til fundarins.

Birgir Ármannsson boðaði forföll.

Formaður setti fund og stýrði:

**1. Styrkur vegna rannsókna á urriða.**

Lögð var fram styrkumsókn frá Jóhannesi Sturlaugssyni f.h. Laxfiska ehf. vegna rannsókna á Þingvallaurriða á árinu 2013. Óskað er eftir styrktarframlagi að upphæð 1.0 mkr eins og veitt hefur verið undanfarin ár.

Nefndarmenn óska eftir að ný Þingvallanefnd marki sér stefnu í styrktarmálum. Ákveðið verði hvort, hvernig og þá hverjum nefndin veiti styrki.

Óskað er eftir að Jóhannes komi á fund ÞVN og skýri frá rannsóknum sínum.

Erindi frestað.

**2. Styrkur vegna rannsókna og veiða á mink.**

Reynir Bergsveinsson minkabani, óskar eftir styrk að upphæð 400 þús.kr. vegna minkaveiða og rannsóknarverkefnis síns á mink í þjóðgarðinum. Slíkur styrkur hefur verið veittur á undanförunum árum.

Óskað er eftir að Reynir komi á fund ÞVN og skýri frá rannsóknum sínum.

Erindi frestað, sömu athugasemdir og í lið 1.

**3. Umsókn um starfrækslu ferðapjónustubáts á Þingvallavatni.**

Hilmar Stefánsson, fh. ótilgreinds félags sækir um leyfi til að starfrækja ferðapjónustubát á Þingvallavatni sem og aðstöðu innan þjóðgarðsins til að taka farþega um borð og frá borði.

Nefndarmenn óska eftir að gerð verði úttekt á þjónustubörf og starfsemi innan þjóðgarðsins á næstu misserum. Í ljósi þess að sú vinna er ekki hafin, getur ÞVN ekki afgreitt erindið fyrr en að athugun lokinni.

Erindi hafnað.

Róbert Marshall vék af fundi kl. 11.59

**4. Forkaupsréttur Þingvallanefndar – vinnublað. Gestur Lilja Jónasdóttir lögmaður.**

Lagt var fram vinnublað, unnið af Lilju Jónasdóttur lögmanni þann 24.10.2013, varðandi beitingu ÞVN á forkaupsrétti ríkisins skv. 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 848/2005 sbr. ákvæði 1. mgr. 11. gr. lóðarleigusamnings.

Nefndarmenn leggja áherslu á að allar ákvarðanir ÞVN byggist á lögum og reglugerðum.

**5. Forkaupsréttur Valhallarstígur nyrðri nr. 1.**

Óskað er eftir að ÞVN falli frá forkaupsrétti sínum að Valhallarstíg nyrðri nr. 1. Samþykkt.

**6. Forkaupsréttur Valhallarstígur nyrðri nr. 13.**

Bókun á síðasta fundi ÞVN;

Þjóðgarðsvörður leggur til við ÞVN að nefndin leiti, með vísan til 6. gr. laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004, eftir afstöðu forsætisráðuneytisins og fjárheimildum til að nýta forkaupsrétt nefndarinnar til kaupa á sumarhúsi við Valhallarstíg nyrðri nr. 13. Með því opnaðist greið leið niður að vatnsbakka Þingvallavatns fyrir almenning.

Erindið rætt. Afgreiðslu erindis frestað.

**Erindi til kynningar**

**1. Framkvæmdir á Haki. Bílaplan, hlað, tenging útsýnispalls við brú í Almannagjá og pallur við Öxarárfoss. Gestur Þráinn Hauksson, landslagsarkitekt.**

Þráinn Hauksson landslagsarkitekt, hélt stutta kynningu um framkvæmdir innan þjóðgarðsins.

Nefndarmenn þökkuðu fyrir góða kynningu.

**2. Umsjón og verkeftirlit vegna framkvæmda, drög að samningi.**

Lögð fram drög að samningi við VSÓ, um umsjón og eftirlit innan þjóðgarðsins á verkþáttum en jafnframt að leitað verði til Framkvæmdasýslu ríkisins um yfirumsjón.

Frestað.

**3. Umsóknir um styrki úr framkvæmdasjóði Ferðamannastaða til þess að gert verði deiliskipulag Þinghelgarinnar og deiliskipulag Gjábakkasvæðis.**

Umsóknirnar kynntar fyrir nefndarmönnum

**4. Brunbætur Valhallar. Lilja Jónasdóttir lagði fram minnisblað, unnið þann 5. nóvember 2013.**

Hótel Valhöll var brunatryggt hjá Verði tryggingum hf. og var forsætisráðuneytið tryggingartaki. Lilja upplýsti um að samkomulag hafi náðst milli tryggingarfélagsins Varðar og forsætisráðuneytisins um að Vörður greiði forsætisráðuneytinu brunabætur að upphæð 230 m.kr. í eingreiðslu.

Bókað: Þingvallanefnd lítur svo á að Hótel Valhöll hafi verið hluti af innviðum þjóðgarðsins og fer þess á leit við forsætisráðuneytið að umræddar bætur verði nýttar í þjóðgarðinum við byggingu „nýrrar Valhallar“. Ljóst er að hús og starfsemi í einhverri mynd verður komið upp innan þjóðgarðsins, þrátt fyrir að ekki hafi verið teknar endanlegar ákvarðanir um ýmsa grundvallarþætti þar að lútandi s.s. varðandi staðarval, rekstrarþætti, stærð og ásýnd mannvirkja o.fl.

**5. Girðingar umhverfis sumarbústaði.**

Átta lóðarleiguhafar innan þjóðgarðsins á Þingvöllum hafa óskað eftir að fá að halda girðingum kringum sumarhúsalóðir sínar. Starfsmenn hafa kannað aðstæður og metið þörf fyrir þær undanþágur sem óskað er eftir.

**6. Fundur formanns ÞVN og þjóðgarðsvarðar með forsætisnefnd 4. nóv. sl.**

Þjóðgarðsvörður upplýsti ÞVN um fund sem hann fór á með formanni ÞVN.

**7. Kærur kafara til umboðsmanns Alþingis og samkeppniseftirlitsins.**

Þjóðgarðsvörður upplýsti nefndarmenn um kærur sem borist hafa umboðsmanni Alþingis og samkeppniseftirlitsins vegna gjaldtöku í Silfru. Málín eru í lögformlegum farvegi.

Samþykkt að næsti fundur ÞVN verði eftir þrjár vikur.

Fleira ekki gert og fundi slitið 12.55.